

# Tillögur að lagabreytingum fyrir aðalfund Samfylkingarinnar á Akureyri 21.

**mars**

## ***Ný málsgrein í 12. gr. um fjármál félagsins***

Skuldbindingar vegna kosninga skal greiða innan þess kjörtímabils sem kosið er til.

### **Greinargerð:**

Félagsmenn hafa gagnrýnt skuldabréf er tekið var í kosningunum 2010 og að búið verði að greiða skuldir vegna kosninga 2014 áður en skuldabréf vegna kosninga 2010 verði uppgreitt. Þetta er ákvæði er sett inn svo stjórn í kosningum sýni aðhald og ráðsemi í kosningabaráttu.

**Ef samþykkt verði að Samfylkingin á Akureyri og Samfylkingin í Eyjafjarðarsveit sameinist þarf að fara í eftirfarandi lagabreytingar:**

### **Breyting á 2. mgr. 1. greinar um nafn félagsins.**

**Er:**

Félagssvæðið er sveitarfélagið Akureyri.

**Verður:**

Félagssvæðið er sveitarfélagið Akureyri og nágrenni.

### **Greinargerð:**

*Gert til að koma inn Eyjafjarðarsveit en útilokar hinsvegar ekki sameiningu við nágretta Samfylkingarfélög.*

### **Breyting á 1. mgr. 2. greinar um tilgang félagsins:**

**Er:**

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur jafnaðar- og félagshyggjufólks til umræðna og ályktana um þjóðmál og bæjarmál í sveitarfélaginu Akureyri.

**Verður:**

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur jafnaðar- og félagshyggjufólks til umræðna og ályktana um þjóðmál og bæjarmál í sveitarfélaginu Akureyri og nágrenni.

### **Greinargerð:**

Gert til að koma inn Eyjafjarðarsveit en útilokar hinsvegar ekki sameiningu við nágretta Samfylkingarfélög.

### **Breyting á 1. mgr. 4. greinar um félagsaðild:**

**Er:**

Rétt til aðildar eiga íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri, sem náð hafa 18 ára aldri og skuldbinda sig til að hlíta lögum félagsins. Um félagsaðild fer að öðru leyti eftir lögum Samfylkingarinnar á landsvísu og reglum hennar um félagaskrá.

**Verður:**

Rétt til aðildar eiga íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri og Eyjafjarðarsveitar, sem náð hafa 18 ára aldri og skuldbinda sig til að hlíta lögum félagsins. Um félagsaðild fer að öðru leyti eftir lögum Samfylkingarinnar á landsvísu og reglum hennar um félagaskrá.

### **Greinargerð:**

Til að félagsmenn í Samfylkingarfélaginu í Eyjafjarðarsveit verði fullgildir meðlimir í Samfylkingunni á Akureyri.